

Föstudaginn 1. apríl 1966.

Nr. 50/1965. **Stofnlánadeild Sjávarútvegsins við Seðla-
banka Íslands** (Niels P. Sigurðsson hdl.)

gegn

**Skiptaráðandanum á Ísafirði f. h. Þrotabús
Ísfirðings h/f**

(Einar Gunnar Einarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þrotabú. Ágreiningur um veðréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að viður-
kenndur verði „réttur“ hans til tjónbóta úr hendi Almennra trygginga h/f að fjárhæð kr. 271.525.66 auk 8% ársvaxta frá 24. júlí 1963 til greiðsludags. Þá krefst hann og máls-
kostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi, sem hefur fengið gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda, en til vara, að hann „verði einungis dæmdur til að greiða kr. 128.748.55 af tjón-
bótum.“ Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með veðskuldabréfi, dags. 15. maí 1948, veðsetti Ísfirðingur h/f áfrýjanda með 1. veðrétti togarann Ísborgu, ÍS 250, til tryggingar láni að fjárhæð kr. 2.550.000.00. Eftir kröfu áfrýjanda var togarinn boðinn upp á nauðungaruppbóði þann 29. janúar 1962 til lúkningar eftirstöðvum lánsins og vöxtum, kr. 1.490.000.00. Áfrýjandi varð hæstbjóðandi og bauð kr. 940.000.00. Í uppbóðsrétti Ísafjarðarkaupstaðar hinn 31. s. m. var skipið lagt áfrýjanda út sem ófullnægðum veð-
hafa. Áfrýjandi seldi skipið með afsali, dags. 15. apríl 1964. Kaupandi var Borgir h/f, Reykjavík, og söluverðið var kr. 2.000.000.00.

Togarinn Ísborg hafði orðið fyrir sjótjónum, sem ekki

hafði verið gert við, er nauðungaruppbóðið fór fram. Af þessu efni átti þáverandi eigandi hans kröfu á hendur því váttryggingafélagi, Almennum Tryggingum h/f, sem hafði haft togarann í sjóváttryggingu. Eru aðiljar sammála um, að tjónbætur þessar nemi samtals kr. 271.525. 66, og hefur greint váttryggingafélag lagt þessa fjárhæð inn á sérstakan reikning hjá sér. Í bréfi félagsins til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 23. september 1965, er skýrt frá því, að greiðsla á bótum þessum hafi „ekki farið fram vegna ágreinings um, hver ætti að fá hana“, en félagið kveðst inna hana af hendi „strax og úr þessu verður skorið.“

Í héraðsstefnu var krafa áfrýjanda, „að viðurkenndur verði fyrsti veðréttur honum til handa í tjónbótum v/ tjóna í b/v „Ísborgu“, ÍS 250, er urðu á nefndum togara skömmu fyrir þann tíma, er hann var seldur á nauðungaruppbóði hinn 29. jan. 1962“, auk vaxta. Áfrýjandi getur því eigi haft uppi viðtækari kröfur hér fyrir dómi, þar sem skilyrði ákvæða 45. gr. laga nr. 57/1962 eru eigi fyrir hendi. Úrlausnarefnið er því, hvort áfrýjandi eigi fyrsta veðrétt í greindri tjónbótakröfu.

Í veðskuldabréfinu frá 15. maí 1948 segir m. a. svo: „... og eru hvers konar váttryggingarfjárhæðir hins veðsetta innifaldar í veðsetningunni.“ Samkvæmt þessu ákvæði veðbréfsins, sbr. og 12. gr. laga nr. 41/1946 um Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, átti áfrýjandi fyrsta veðrétt í tjónbótakröfunni. Eins og áður er greint frá, voru eftirstöðvar lánsins ásamt vöxtum á uppbóðsdegi kr. 1.490.000.00, en áfrýjanda var lagður togarinn út fyrir kr. 940.000.00. Áfrýjandi greiddi uppbóðskostnað, lögveðs- og sjóveðskröfur, samtals að fjárhæð kr. 638.748.55. Engin gögn hafa verið lögð fram um sannvirði togarans á uppbóðsdegi, og um það veitir söluverð togarans 15. apríl 1964 eigi nægar upplýsingar. Eru því eigi efni til að færa kröfu áfrýjanda niður samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 32. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppbóð.

Úrslit málsins verða því þau, að viðurkenndur er fyrsti veðréttur áfrýjanda í greindri tjónbótakröfu, kr. 271.525.66.

Eigi eru efni til að dæma um vaxtakröfu áfrýjanda í máli þessu.

Rétt þykir, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Málsvarnarlaun talsmanna stefnda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur áfrýjanda, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands, er viðurkenndur.

Stefndi, skiptaráðandinn á Ísafirði f. h. þrotabús Ísfirðings h/f, greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Málsvarnarlaun talsmanna stefnda fyrir Hæstarétti, Einars Gunnars Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. nóvember s.l., hefur Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. marz 1964, gegn Jóhanni Gunnari Ólafssyni, bæjarfógeta á Ísafirði, f. h. þrotabús Ísfirðings h/f.

Gerir stefnandi þær kröfur, að viðurkenndur verði fyrsti veðréttur honum til handa í tjónbótum vegna tjóns á b/v Ísborgu, ÍS 250, er urðu á nefndum togara skömmu fyrir þann tíma, er hann var seldur á nauðungaruppboði hinn 29. janúar 1962. Kveður stefnandi greind tjón vera í tvennu lagi, annað kr. 177.865.03, en hitt kr. 93.660.66, eða samtals kr. 271.525.66, en tjónbætur þessar hafi viðkomandi váttryggingafélag, Almennar Tryggingar h/f, Reykjavík, lagt inn á sérstakan reikning hjá sér.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og

að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður samkvæmt mati dómsins.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Hinn 29. janúar 1962 var eftir kröfu stefnanda haldið nauðungarupboð á b/v Ísborgu, ÍS 250, fyrir upphafsl. kr. 2.550.000.00 láni, er tryggt var með 1. veðrétti í nefndum togara, en lán þetta var þá að eftirstöðvum kr. 1.444.000.00 auk $2\frac{1}{2}\%$ vaxta frá 1. nóvember 1960. Hæstbjóðandi í togarann var stefnandi með kr. 940.000.00 boð, og var honum síðan í uppboðsrétti Ísafjarðarkaupstaðar hinn 31. s. m. lagt út skipið sem ófullnægðum veðhafa. Sjóveðs- og lögveðskröfur námu samtals kr. 638.748.55, og kom því aðeins upp í kröfu stefnanda kr. 301.251.45 af uppboðsandvirðinu, og nemur því nefnd skuld við stefnanda nú kr. 1.440.000.00 (sic) að fráðregnum nefndum kr. 301.251.45, þ. e. kr. 1.142.748.55 auk vaxta.

Er greint uppboð fór fram, vissi enginn neitt ákveðið um tjónin á togaranum, enda hafði hann ekki verið tekinn í slipp frá því þau áttu sér stað. Fyrst er farið var að framkvæma 12 ára flokkunarviðgerðina á skipinu, varð ljóst, hver tjónin voru, og reyndust þau að peningaverðmæti vera eins og að ofan greinir og viðurkennd í einu og öllu af viðkomandi váttryggingafélagi, Almennum Tryggingum h/f í Reykjavík. Strax og ljóst var orðið, hve tjónin námu miklu, gerði stefnandi þær kröfur til nefnds váttryggingafélags, að það greiddi honum tjónbæturnar, en félagið taldi sér eigi fært að gera þetta, þar sem þá lá fyrir krafa frá stefndum f. h. nefnds þrotabús, að honum yrðu greiddar tjónbæturnar til eignar fyrir téð þrotabú. Þessu vildi stefnandi eigi una og krafðist þess, að téður skiptaráðandi afturkallaði kröfu sína, en hann taldi sig ekki geta það, nema þetta yrði samþykkt á skiptafundi í búinu. Var svo skömmu síðar haldinn skiptafundur í búinu, en þar fékkst ekki samstaða um að afturkalla téða kröfu af hendi búsins.

Á þetta getur stefnandi eigi fallizt, að greindum tjónbótum verði haldið þannig fyrir honum, og er því mál þetta höfðað, en er uppboðið á skipinu fór fram, reiknaði stefnandi með því sem sjálfsögðum hlut, að tjónbæturnar fyrir skipið fylgdu með í kaupunum, eins og föst venja er, þegar Stofnlánadeild sjávarútvegsins á í hlut m. a. vegna hinna skýlausu ákvæða 12. gr. laga um Stofnlánadeildina no. 41 frá 1946.“

Eins og fram kemur í stefnu, reisir stefnandi kröfur sínar fyrst og fremst á því, að samkvæmt 12. gr. laga um Stofnlána-

deild sjávarútvegsins nr. 41 frá 1946, sbr. veðskuldabréf á dómshj. nr. 2 í máli þessu, eigi hann 1. veðrétt í tjónbótum þeim, sem mál þetta er risið af.

Stefnandi kveðst hafa selt skipið fyrir kr. 2.000.000.00, en eigi fengið út úr þeirri sölu nema kr. 1.206.698.94 nettó, þar sem sjóveðs- og lögveðskröfur, uppboðskostnaður, váttrygging og annar kostnaður hafi numið samtals kr. 793.301.06. Vanti því kr. 279.301.06 upp á enn, að hann hafi fengið fullnustu á kröfu sinni á hendur fyrri eiganda skipsins, þrotabúi Ísfirðings h/f. Þá bendir stefnandi og á það, að hann hafi haldið við tryggingu á skipinu með því að leggja út nauðsynleg iðgjöld, sbr. dómshj. nr. 7.

Stefndi reisir sýknukröfu sína aðallega á því, að við sölu á b/v Ísborgu hafi þess ekki verið getið í uppboðsskilmálum, að váttryggingarfjárhæð sú, sem hér er deilt um, skyldi fylgja skipinu í sölnunni. Skipið skyldi selt í því ástandi, sem það var á uppboðsdegi, og hafi ekki fylgt því annað en venjulegt fylgifé. Á uppboðinu hafi engin sala farið fram, heldur hafi stefnanda verið lagt skipið út sem ófullnægðum veðhafa fyrir óeðlilega lága upphæð, enda hafi á þeim tíma enginn kaupandi verið að skipinu.

Til vara reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi fengið veðkröfu sína greidda næstum því að fullu, þar sem hann með kaupsamningi hafi selt skipið fyrir kr. 2.000.000.00, en áhvílandi veð hafi numið kr. 1.395.000.00, vextir kr. 46.000.00, sjóveðskröfur, lögveðskröfur og kostnaður kr. 638.748.55, samtals kr. 2.079.748.55. Samkvæmt þessu sé það í hæsta lagi kr. 79.748.55, sem stefnandi gæti átt tilkall til af váttryggingarfénu. Kveður stefndi, að ekki komi þessu við kostnaður, sem stefnandi hafi haft af skipinu, eftir að hann tók við því. Enn fremur kveður stefndi, að frá afsalsdegi hafi veðsetningin ekki gildi gagnvart þrotabúinu, þar sem veðið sé orðið eign stefnanda frá þeim degi.

Við munnlegan flutning málsins upplýstist, að hið rétta er, að eftirstöðvar skuldar hins stefnda þrotabús við stefnanda voru kr. 1.144.000.00, er uppboð fór fram, en ekki kr. 1.395.000.00, eins og stefndi telur verið hafa í útreikningi sínum hér að framan.

Enn fremur upplýstist í munnlegum málflutningi, að báðum aðiljum var kunnugt um, að tjón höfðu orðið á umræddu skipi, b/v Ísborgu. Kvað stefndi þau hafa verið tilkynnt viðkomandi tryggingafélagi á sínum tíma, en umboðsmaður stefnanda gat

þess, að sézt hefði stórt gat á skipinu fyrir ofan sjólinu. Hins vegar kváðu málsaðiljar ekki hafa verið vitað, hve mikilli fjárhæð tjónin námu, er uppboðið fór fram.

Í uppboðsskilmálum við sölu á b/v Ísborgu, Ís 250, 28. júní 1960, sbr. dómskj. nr. 3, segir í 1. gr. svo:

„Skipið, ásamt tilheyrandi fylgifé selst í því ástandi, sem það nú er í“ o. s. frv.

Samkvæmt þessu virðist ekki fara milli mála, hvað fylgdi skipinu við sölu, en það er aðeins „tilheyrandi fylgifé,“ en ekki verður talið, að tjónbætur verði heimfærðar undir það. Þá er og sérstaklega tekið fram, að skipið og tilheyrandi fylgifé sé selt í því ástandi, sem það var í á uppboðsdegi.

Þykir því samkvæmt framanrituðu verða að leggja uppboðsskilmálana til grundvallar, þannig að ekki fylgi annað eða meira með í sölu skipsins en þar er tilgreint beint eða óbeint, enda gerði stefnandi engan fyrirvara við uppboðið um tjónbætur, þrátt fyrir það að honum var kunnugt um, að tjón hafði orðið á skipinu.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Gunnar Ólafsson, skiptaráðandi á Ísafirði f. h. protabús Ísfirðings h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.